



Atvinnuveganefnd Alþingis

*Sent með tölvupósti*  
Reykjavík, 11. desember 2020

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, nr. 98/2004 (verðlagshækkun), 336. mál (151. lögþ.)**

*Tilv. 202012-0010*

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis frá 30. nóvember sl. þar sem óskað var umsagnar um ofangreint mál. Frestur til að skila umsögn var gefinn til 14. desember en var stytur til 11. desember. Bændasamtök Íslands, Samband garðyrkjubænda og Sölufélag garðyrkjumanna standa sameiginlega að umsögn þessari og gera eftirfarandi athugasemdir.

**I**

Almennt verður það að teljast mjög jákvætt að stjórnvöld skuli leita leiða til að jafna kostnað við flutning- og dreifingu raforku, enda liggur fyrir að notendur í dreifbýli hafa um árabil greitt mun hærra verð en notendur í þéttbýli. Fyrirhuguð aukning á jöfnunarframlagi alls um 730 milljónir króna samkvæmt þessu frumvarpi og fjárlagafrumvarpi 2021 er vissulega vel til þess fallin að koma til móts við þann kostnað sem vaxið hefur jafnt og þétt og þá helst í dreifbýli.

Í frumvarpinu er lögð til uppfærsla á jöfnunargjaldinu til samræmis við verðlagsbreytingar frá 2015, þ.e. að það hækki um 13%, sem þýðir að það verði 0,34 kr. á hverja kílóvattstund vegna forgagnsorku (í stað 0,30 kr.) en 0,11 kr. á hverja kílóvattstund vegna skerðanlegrar raforku (í stað 0,10 kr.). Tillagan er jákvæð en verði hún samþykkt mun jöfnunaraðgerðin hvergi duga fremur en sambærileg jöfnunarframlög hafa gert hingað til. Markmið frumvarpsins um að jafna kostnað landsmanna óháð búsetu, við flutning og dreifingu raforku eru til bóta en umsagnaraðilar telja áhyggjuefni að hækkunir á gjaldskráum geri framlagið að engu, þar sem Landsnet hefur boðað hækkun gjaldskrár um 9,9% til dreifiveitna, frá og með 1. janúar nk.

Ljóst er að jöfnun til viðbótar við auglýsta gjaldskrárhækkun Landsnets mun þýða að allir notendur greiða meira eftir áramótin en þeir gerðu fyrir áramót, þ.e. bæði í dreifbýli og þéttbýli. Sú hækkun sem Landsnet hefur boðað til dreifiveitna er 9,9%, sem gæti skilað sér í gjaldskrá til notenda sem 3,5% hækkun og mun koma til hækkunar á framleiðslukostnaði í landbúnaði, hjá afurðastöðvum og ekki síst á ylræktuðum garðyrkjuafurðum þar sem orkukaup eru einn stærsti þátturinn í framleiðslukostnaði, auk launakostnaðar. Gjaldskrárhækkun á




flutnings- og dreifingarkostnaði raforku mun leggjast á framleiðslukostnað til viðbótar þeim hækkunum sem verða vegna aukinna álagna á jarðefnaeldsneyti/flutningskostnaði og kjarasamningsbundinna launahækkana. Hækkun mun því að óbreyttu óhjákvæmilega skilar sér í hækkunum á vöruverði.

## II

Ekki hefur enn gefist ráðrúm frá því frumvarpið var kynnt til að meta endanleg áhrif af auknu jöfnunarframlagi og boðaðri gjaldskrárhækkun Landsnets m.a. þar sem enn virðist ekki liggja fyrir útfærsla á því með hvaða hætti útreikningur á jöfnun kostnaðar verður og hver áhrif á stærri notendur, s.s. garðyrkjustöðvar verða í ljósi þess. Í maí sl. var lokið við endurskoðun búvörusamnings garðyrkjuframleiðenda, þar sem sett voru markmið um verulega framleiðsluaukningu í innlendri ylraekt. Ekki er á þessari stundu unnt að meta hvaða áhrif framangreind áform hafa á framgang þess samnings, en augljóslega munu hækkanir á framleiðslukostnaði vinna gegn þeim markmiðum sem þar voru sett og þeim árangri sem ætlunin var að ná með auknu framlagi þar.

Þegar litið er til baka verður ekki hjá því komist að segja að spörin hræða. Verkfræðistofan Lota hefur unnið úttekt fyrir Sölufélag garðyrkjumanna á þróun á raforkukostnaði síðustu ár. Hér má sjá dæmi um þróun flutnings- og dreifingarkostnaðar árin 2005-2019. Hér er miðað við 1.000 kW notanda með nýtingartímann 4.500 klst. á ársgrundvelli.



Heimild: Verkfræðistofan Lota, 2020



Veruleg hækkun, eða 24%, varð á orkugjaldi í dreifbýli árið 2014 og árið 2015 kom ríkið inn með dreifbýlisframlag (kr./kWh), til jöfnunar flutnings- og dreifingarkostnaðar sem mótvægisáðgerð. Við það lækkaði kostnaður kaupenda vegna orkugjalds um 50% og varð þá bilið milli dreifbýlis og þéttbýlistaxta svipað og verið hafði árið 2005. En það var skammgóður vermir. Strax ári síðar hækkaði kostnaður vegna orkugjaldsins um 53%, aftur árið eftir um 12% og svo um 30%. Árið 2018 var því kostnaður vegna orkugjaldsins í raun orðinn sá sami og hann hefði verið ef ekki hefði komið til jöfnunarframlags frá ríkinu.

### **Með öðrum orðum, gjaldskrárhækkanir átu jöfnunarframlagið upp á þremur árum.**

Verð á flutningi og dreifingu raforku í dreifbýli hefur samtals hækkað um 275% frá 2005. Hækkunin er rúm 180% ef tekið er tillit til jöfnunargjalds stjórnvalda. Það er tæplega 179% umfram hækkun almenns verðlags (VNV) á sama tímabili eða 84% hækkun umfram VNV að teknu tilliti til jöfnunargjaldsins.

### III

Ferðamála- iðnaðar- og nýsköpunarráðherra hefur falið Deloitte á Íslandi það verkefni að greina fyrirkomulag flutnings- og dreifingu á raforku hérlendis og þróun kostnaðar. Nauðsynlegt er að þær niðurstöður liggi fyrir áður en til frekari hækkana á gjaldskrá eða endanlegrar útfærslu jöfnunaraðgerða kemur, ekki síst þar sem um er að ræða fyrirtæki í opinberri eigu sem er í einokunarstöðu og þegar skilar ríkulegum arði á kostnað raforkukaupenda. Endanlegt mat á áhrifum þarf að liggja fyrir, þ.e. á raunverulegum áhrifum á garðyrkjubændur, fyrirtækjarekstur og heimili.

### **Niðurlag**


Á sama tíma og hækkanir af hálfu opinberra aðila og fyrirtækja í opinberri eigu hafa verið boðaðar er landsmönnum talin trú um að unnið sé að því með öllum ráðum að halda niðri verðbólgu. Vart geta gjaldskrárhækkanir Landsnets og auknar álögur á eldsneyti og flutningskostnað verið liður í því. Það verður ekki talið eðlilegt að útgjöld vegna flutnings- og dreifingarkostnaðar raforku hækki um 84% umfram almennt verðlag, þrátt fyrir tilkomu jöfnunarframlags stjórnvalda. Hækkanir á aðföngum og framleiðslukostnaði að leita út í verðlag með tilheyrandi áhrifum á verðbólgu og rýrnun á kjörum heimila og fyrirtækja og mögulegum samdrætti í atvinnulífi.



Ekki verður séð að sýnt hafi verið fram á að rekstarkostnaður kerfisins í dreifbýli hafi hækkað þannig að endurspegli þá yfirþyrmandi gjaldskrárhækkun sem orðið hefur. Þess ber einnig að geta að þó að hér sé aðallega fjallað um áhrif á garðyrkju, enda er hún helsti stórnotandi raforku innan landbúnaðarins, hefur þessi hækkun áhrif á alla aðra aðra raforkukaupendur – annan landbúnað, önnur fyrirtæki og heimilin í landinu.

Fulltrúar Bændasamtaka Íslands, Sambands garðyrkjubænda og Sölufélags garðyrkjumanna hafa óskað eftir fundi með ráðherra vegna málsins og eru jafnframt reiðubúnir að kynna atvinnuveganefnd Alþingis og öðrum sem þess óska, sjónarmið í málinu.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands,  
Sambands garðyrkjubænda og Sölufélags garðyrkjumanna



---

Guðrún Vaka Steingrimsdóttir lögfr. BÍ